

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Innbæinn.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 28. apríl 2026 breytingu á deiliskipulagi fyrir Innbæinn.

Breytingin tekur til lóðar Aðalstrætis 54 og felur í sér að lóðin sem nú er í tveimur hlutum skiptist upp í þrjá hluta. Aðalstræti 54 skiptist í tvær lóðir, Aðalstræti 54 sem er utan um húsið og Aðalstræti 54b. Lóð Aðalstrætis 54a er utan um hinn hluta hússins en hún stækkar frá fyrra skipulagi.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og var ekki talin þörf á grenndarkynningu, sbr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Akureyri, 27. maí 2026.

F.h. Akureyrarbæjar,
Steinunn Karlsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B deild - Útgáfudagur: 10. júní 2026